DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Svansmerkið Prentgripur 1041 0858

Nr. 2841 Síðan 1968 59. árgangur
Fimmtudagur 26. febrúar 2026
Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss


# Viðar Örn er kominn heim

Framherjinn Viðar Örn Kjartansson hefur skrifað undir þriggja ára samning við uppeldisfélag sitt, Umf. Selfoss.

Viðar Örn Kjartansson hefur komið víða við á sínum magnaða knattspyrnuferli síðan hann spilaði með Selfossi síðast árið 2012. Hann hefur skorað yfir 200 mörk á sínum ferli og spilað í Noregi, Kína, Svíþjóð, Ísrael, Rússlandi, Grikklandi, Tyrklandi og Búlgaríu. Hann spilaði nú síðast með KA í Bestu deildinni.

Samhliða því að leika með liðinu mun Viðar sækja sér menntun sem knattspyrnuþjálfari og hefja þá vegferð með félaginu að koma inn í það öfluga starf sem í deildinni er unnið. Það verður því spennandi að sjá hvernig áhrif Viðars muni vera á deildina innan sem utan vallar.

„Viðar hefur flutt búferla sína á Selfoss og lá því beinast við að taka slaginn með uppeldisfélagi sínu. Á traustum grunni mun hann halda áfram þeirri vegferð sem hófst seint á síðasta ári. Með markvissri þjálfun andlegri- og líkamlegri er knattspyrnudeild Selfoss ekki í nokkrum vafa um að innkoma hans í liðið hafa jákvæð áhrif á árangur liðsins á komandi árum,“ segir Þorsteinn Haukur Harðarson formaður meistaraflokksráðs karla.

Knattspyrnudeild Selfoss hlakkar til samstarfsins og bindur miklar vonir við að innkoma Viðars muni hafa jákvæð áhrif til framtíðar fyrir alla aðila.



*Mynd: UMFS.*

## Kappahl-höllin og Kappahl-mótið kynnt til sögunnar

Knattspyrnudeild Selfoss og umboðsaðilar sænska tískuvörumerkisins Kappahl hafa skrifað undir samstarfssamning sem gildir til næstu fimm ára. Samningurinn markar upphaf nýs og spennandi kafla í starfi deildarinnar þar sem Kappahl verður mikilvægur bakhjarl og veitir félaginu öflugan liðsinni á komandi árum.

Kappahl var stofnað í Svíþjóð 1953 og rekur fyrirtækið 345 verslanir í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Póllandi og Bretlandi. Fyrirtækið hefur fest sig í sessi sem eitt af leiðandi tískuvörumerkjum Skandinavíu, með ríka áherslu á sjálfbærni, sígildar grunnflíkur, undirfatnað og tískufatnað fyrir konur, karla og börn.

Knattspyrnudeild Selfoss hefur átt farsælt samstarf vörumerkja sem þau hjónin Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og Albert Þór Magnússon fara fyrir síðastliðinn áratug en nú þegar þau taka við keflinu með Kappahl er um leið kynntur nýr og öflugur bakhjarl deildarinnar næstu fimm árin.

Sem hluti af samstarfinu mun knattspyrnuhöllin bera heitið Kappahl-höllin en að auki er kynnt til sögunnar Kappahl-mótið sem byggir á grunni sem spannar um áratug. Með þessu verður vörumerkið Kappahl sýnilegt í hjarta starfseminnar og hluti af daglegu lífi iðkenda, foreldra og stuðningsfólks. Þess ber að geta að styrkur vegna nafnsins á Kappahl-höllinni mun að auki renna til uppbyggingar frjálsíþróttadeildar Ungmennafélagsins til jafns við fótboltann.

„Þetta er risastór dagur fyrir okkur. Við erum í raun að undirstrika með undirskrift í dag það samstarf sem spannar yfir áratug með UMF Selfoss. Þetta hefur vaxið og dafnað í gegnum tíðina. Við byrjuðum hérna fyrir 10 árum síðan með vonina, nú er trúin tekin við en við erum full tilhlökkunar fyrir framhaldinu hér á Selfossi,“ segir Albert Þór, umboðsaðili Kappahl á Íslandi.

Á næstu dögum verður unnið að uppsetningu Kappahl-merkja og sýnileika vörumerkisins á vallarsvæðinu.

Knattspyrnudeild Selfoss fagnar samstarfinu og hlakkar til komandi ára með nýjum og öflugum samstarfsaðila.

Þess má geta í þessu samhengi að Kappahl og Newbie opnar á Selfossi 21. mars nk.



## Nýr slökkviliðsbíll bætir öryggi

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. fengu nýlega afhentan nýjan og glæsilegan slökkviliðsbíl. Bíllinn er gríðarlega vel tækjum búinn og eflir til muna öryggi okkar allra hvað varðar brunavarnir á svæðinu.

Brunavarnir Rangárvallsýslu eru í sameign Ásahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra og sinna brunavörnum í allri sýslunni.

Bíllinn er staðsettur í höfuðstöðvunum á Hellu og þann 11. febrúar var opið hús þar sem öllum bauðst að koma við og kíkja á bílinn. Boðið var upp á kökur og kaffi auk þess sem Bjössi brunabangsi kíkti í heimsókn við mikinn fögnuð yngri kynslóðarinnar.

Húsfyllir var á viðburðinum og þökkum við Leifi Bjarka Björnssyni slökkviliðsstjóra og félögum hans í slökkviliðinu kærlega fyrir heimboðið.

*Rangárþing ytra*


*Bíllinn er allur hinn glæsilegasti og afar vel búinn. Mynd: ry.is*







AÐALSKOÐUN
Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996
Vilt þú fá áminningu?

Skráðu þig á póstlistann okkar á adalskodun.is og fáðu áminningu þegar ökutækið þitt á að koma í skoðun!

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi
SÚPER LAGNIR
VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI
Síminn hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is

Aðalfundur
Ungmennafélags Stokkseyrar
UMF STOKKSEYRAR STOFNAÐ 1908
Aðalfundur UMF Stokkseyrar
er 5 mars klukkan 20 í íþróttahúsinu.
Hefðbundin aðalfundarstörf,
ársreikningur 2025 lagður fram.
Vantar mjög mikið fólk í stjórn.

STANGAVEIÐIFÉLAG Selfoss STOFNAÐ 1946
Sölukvöld veiðileyfa hjá SVFS
verða haldin
mánudagskvöldið 2. mars
og miðvikudagskvöldið 4. mars,
frá kl 19:00 – 21:00
Sölukvöldin fara fram í Víkinni félagsheimili SVFS.

# Starf félags eldri borgara á Selfossi

Aðalfundur FebSel var haldinn fimmtudaginn 19. febrúar sl. í félagsmiðstöðinni í Grænumörk. Um 110 félagar mættu á fundinn og var fundurinn öflugur.

Fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og að loknum kosningum var stjórn félagsins þannig skipuð: Magnús J. Magnússon, formaður, Jóna S. Sigurbjartsdóttir varaformaður, Margrét Jónsdóttir gjaldkeri, Brynhildur Geirsdóttir ritari, Valdimar Bragason meðstjórnandi og María Hauksdóttir og Gils Einarsson í varastjórn.

Ólafía Ingólfsdóttir, Ólafur Bachmann og Ólafur Sigurðsson sem hafa verið í stjórn undanfarin sex ár og Elín Jónsdóttir sem hefur verið í tvö ár létu af störfum og var þeim þakkað fyrir frábær stjórnarstörf undanfarin ár og leyst út með veglegum blómvöndum og hlýjum kveðjum.

Í lok aðalfundar steig Jón Ingi Sigurmundsson í pontu og afhenti félaginu málverk að gjöf. Formaður tók við málverkinu og voru Jóni færðar miklar þakkir.

Einnig ávarpaði Bragi Bjarnason fundinn og flutti okkur baráttukveðjur og þakkaði öflugt starf.

Í skýrslu stjórnar félagsins kom fram að starfsemin væri verulega öflug. Félagsmenn eru núna rúmlega 1000 og þeim fer fjölgandi!

Innan félagsins starfa hreyfihópar, spilahópar, myndlista- og ljósmyndahópar, keramik- og postulínshópar, leikhópur, kaffihópur, hannyrðahópar af öllum gerðum og tegundum, sönghópar og öflugur kór svo eitthvað sé talið. Einnig eru Karlarnir í Uppsölum öflugir. Farið hefur verið í leikhús og í ýmsar sumarferðir. Fram kom í skýrslum nefnda að starfið hafi verið öflugt.

Einnig var öflug afmælis- og árshátíð í tilefni 45 ára afmælis félagsins og 35 ára afmælis Hörpukórsins og aðventuhátíð félagsins sem nú var haldin í Grænumörkinni og tókst afar vel. Einnig voru myndlistasýningar og handverkssýningar í tengslum við Vor í Árborg.

Öflug opin hús eru alla fimmtudaga frá 14.45 – 16.00 þar sem margvíslegt efni af öllu tagi er flutt og notið veitinga sem kvenfélagið sér um.

Í vetur hefur starfsemin verið að aukast sem er gott. Reynt hefur verið að auka upplýsingaflæði til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast betur með. Allar hugmyndir sem stjórninni berast um nýbreytni í starfseminni eru skoðaðar og reynt að prófa.

Á fjölmennustu uppákomum hefur verið á mörkunum að koma öllum fyrir þannig að ef fjölgar verulega í félaginu þarf að fara að skoða þau mál.

En félagið er öflugt og stefnir bara upp á við í starfsemi sinni og vonum við að komandi starfsár verði okkur öllum ánægjulegt.

*Magnús J. Magnússon*

***Ljósmynd: Facebook/Félag eldri borgara, Selfossi.***






# Skýrari sýn og aukinn faglegur stuðningur í ferðaþjónustu

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Markaðsstofa Suðurlands hafa undirritað nýjan samstarfssamning. Markmið nýja samningsins er að efla enn frekar samstarf þessara tveggja lykilaðila á sviði ferðaþjónustu og tengdra atvinnugreina í landshlutanum og styðja við verðmætasköpun í héraði.

Ferðaþjónusta er ein af mikilvægustu stoðum atvinnulífs á Suðurlandi og krefst öflugs samstarfs þeirra aðila sem leiða þróun hennar. Með nýja samningnum er lagður grunnur að markvissari uppbyggingu og enn skýrari stefnumótun fyrir landshlutann allan.

## Samræmd sýn til framtíðar

Eitt helsta markmið samningsins er að tryggja gott samræmi milli mikilvægustu stefnuskjala svæðisins. Unnið verður að því að tryggja samræmi milli Sóknaráætlunar Suðurlands, Áfangastaðaáætlunar Suðurlands og markaðs- og þróunarstarfs sem Markaðsstofan sinnir nú þegar. Með þessu er tryggt að allir rói í sömu átt þegar kemur að framþróun áfangastaðarins Suðurland.



*Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir framkvæmstjóri Markaðsstofu Suðurlands.*

## Faglegur stuðningur við fyrirtæki og frumkvöðla

Samstarfinu er einnig ætlað að hafa bein og jákvæð áhrif á grasrót atvinnulífsins. Sérstök áhersla verður lögð á að efla faglega ráðgjöf og upplýsingamiðlun til fyrirtækja, frumkvöðla og annarra hagaðila sem starfa innan ferðaþjónustunnar á svæðinu. Með samningnum er stefnt á að efla nýsköpun, fagmennsku og samkeppnishæfni sunnlenskra ferðaþjónustufyrirtækja.

## Sameiginleg verkefni og öflug kynning

Loks kveður samningurinn á um að unnið verði að því að styrkja stöðu ferðaþjónustu á Suðurlandi enn frekar. Það verður gert í gegnum skipulagða kynningu og sameiginlegum verkefnum sem miða að því að draga fram sérstöðu landshlutans, lengja dvalartíma gesta og stuðla að sjálfbærri nýtingu gæða svæðisins allt árið um kring.

Með samningnum er stigið mikilvægt skref í að efla Suðurland sem framsækinn og sjálfbæran áfangastað.

SASS

# Ársfundur Landsvirkjunar

## Orkueyjan og alþjóðleg samkeppni

→ Silfurberg, Harpa
→ 3. mars 2026
→ 14:00

**Húsið verður opnað kl. 13:30. Léttar veitingar verða í boði fyrir og eftir fund.**

**Dagskrá fundarins**

- **Ávarp**
  Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra
- **Ávarp**
  Brynja Baldursdóttir, stjórnarformaður Landsvirkjunar
- **Íslenskt rafmagn á alþjóðlegum markaði**
  Tinna Traustadóttir, framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu
- **Áð og spáð**
  Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, ræða við Þóru Arnórsdóttur
- **Landsvirkjun í augum þjóðarinnar**
  Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

**Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir, forstöðumaður Samskipta.**

**Landsvirkjun**

Skráning á landsvirkjun.is/arsfundur

# Kvenfélag Grímsneshrepps færir Móbergi lífsmarkamæli

Kvenfélag Grímsneshrepps afhenti hjúkrunarheimilinu Móbergi á Selfossi nýverið lífsmarkamæli að gjöf til minningar um heiðursfélaga sinn, Þóru Magnúsdóttir, sem dvaldi á Móbergi um tíma.

Lífsmarkamælirinn mælir blóðþrýsting, púls, súrefnismettun og líkamshita og mun því nýtast afar vel í daglegu starfi heimilisins. Lífsmörk eru mæld að minnsta kosti mánaðarlega hjá hverjum heimilismanni og oftar hjá þeim sem þurfa á því að halda.

„Með tilkomu nýja tækisins verða mælingar áreiðanlegri og auðveldara verður að fylgjast með heilsufari og meta ástand skjólstæðinga á markvissan hátt,“ segir Ásta Tryggvadóttir deildarstjóri á Móbergi.

Gjafinn er dýrmætt framlag til starfseminnar og ber vitni um hlýhug og stuðning kvenfélagsins við heimilið og íbúa þess. Starfsfólk á Móbergi færir Kvenfélagi Grímsneshrepps kærar þakkir fyrir gjöfina og hlýjan hug í minningu Þóru Magnúsdóttur.



*Starfsfólk Móbergs og fulltrúar Kvenfélags Grímsneshrepps við lífsmarkamælinn.*

# Hraðstefnumót í boði Betu Björgvins

Í kvöld, fimmtudag 26. febrúar, verður blásið til hraðstefnumóts á Miðbar þar sem einhleypir fá tækifæri til að kynnast á léttan og skemmtilegan hátt. Kvöldið verður í höndum Elisabetar Björgvins, eða Betu skemmtanastjóra eins og flestir þekkja hana, sem tekur á móti gestum og stýrir kvöldinu.

Hraðstefnumót, eða speed dating, er þekkt um allan heim sem einföld og árangursrík leið til að hitta nýtt fólk. Hugmyndin er einföld: stutt, tímasett samtöl þar sem þátttakendur fá nokkrar mínútur til að kynnast áður en skipt er um sæti. Engin pressa, engar langar og vandræðalegar þagnir, bara skýr rammi og góð stemning.

„Fólk heldur stundum að þetta sé vandræðalegt, en það verður akkúrat öfugt,“ segir Beta. „Þegar allir eru í sömu stöðu og leikreglurnar eru skýrar verður þetta miklu léttara. Markmiðið er fyrst og fremst að hafa gaman og kynnast nýju fólki.“

„Það hlýtur að vera fjöldi einhleypra á Selfossi og nágrenni sem eru til í að prófa eitthvað nýtt. Þetta er öruggur og skipulagður vettvangur til að brjóta ísinn og hafa gaman.“

Beta leggur áherslu á að kvöldið verði afslappað og hlýlegt. „Við byrjum á að fara yfir reglurnar, svo sjáum við um að para fólk saman og halda flæðinu gangandi. Hver veit nema úr þessu verði vinátta, pör að myndast eða jafnvel hjónabönd, það kemur bara í ljós.“



*Beta Björgvins, skemmtanastjóri við Miðbar. Mynd: SEG.*

„Af hverju ætti Selfoss ekki að prófa það sem hefur virkað svo vel víða erlendis?“ segir Beta og brosir.

Það stefnir því í spennandi og skemmtilegt kvöld á Miðbar þar sem einhleypir fá tækifæri til að taka sénsinn og kannski breyta lífi sínu með einu stuttu hraðstefnumóti.

# Suðurlandsdeildin mun bera nafn og merki Eques

Suðurlandsdeildin og Eques hafa gert með sér samkomulag um að Suðurlandsdeildin mun bera nafn og merki Eques á komandi tímabili og verður því Suðurlandsdeild Eques. Aðstandendur deildarinnar eru virkilega ánægðir með samstarfið og hlakka til komandi tímabils.

Suðurlandsdeildin fagnar 10 ára afmæli og því sannarlega tímamót fyrir deildina.

Eques er danskt fyrirtæki sem framleiðir reiðtygi og fatnað, með aðsetur í Svenstrup í Norður-Jótlandi. Fyrirtækið var stofnað árið 2009 af Rasmus Møller Jensen, sem hefur víðtæka reynslu af þjálfun og keppni á íslenskum hestum. Sú reynsla endurspeglast í hönnun og þróun vara félagsins.

Eques sérhæfir sig einkum í búnaði fyrir íslenska hesta og knapa þeirra. Vörur Eques eru seldar víða um heim í fjölmörgum verslunum og fást í verslunum Líflands hér á landi.

Suðurlandsdeild Eques hefst næstkomandi þriðjudagskvöld (24. febrúar) og fer fram í Rangárhöllinni á Hellu. Keppni hefst kl. 18:30 og keppt verður í Parafimi og Slaktaumatölti. Það er Coca-cola sem býður áhorfendum í Rangárhöllina fyrsta keppniskvöldið.

Við hvetjum alla til að koma við snemma, veitingasalan verður opin í Rangárhöllinni og vel verður tekið á móti öllum!



*Rasmus Møller Jensen eigandi Eques og Hekla Katharína Kristinsdóttir formaður stjórnar Suðurlandsdeildarinnar handsala samstarfið.*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Blaðamaður:** Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

**ISSN 1670-407X**

**Prentun:** Prentmet Oddi Svansvottuð prentsmiðja

## Gáta vikunnar

Geymir þína fínu flík,
fallegt mjög er jólum á,
Er á skútum öllum slík,
ættin rakin mönnum hjá.

Svar við gátu í blaði 2840: **ÁR**
365 dagar er **ÁR. ÁR** í árabát. **ÁR** er ári eða púki.
Snemma sbr. árdegis, morguns**ÁR**

## Sunnlenski matgæðingurinn



# Tacobaka

*Matgæðingur vikunnar er María Ósk Ólafsdóttir.*

Takk fyrir áskorunina elsku Ástrós, ég er alveg búin að bíða eftir að fá þessa áskorun en stúss í eldhúsinu er alveg uppáhalds á þessu heimili og pínu mín gæðastund að elda og hlusta á hljóðbók, en óhætt er að segja að allir hér á bæ elski að elda og elski að borða.

Ég ætla að deila uppskrift að Tacoböku sem er mjög vinsæl á þessu heimili og okkar útgáfu af skyrköku, með bestu grísku jógúrtunni.

### Tacobaka

**Botn**
4 dl hveiti
2 tsk lyftiduft
1/2 tsk salt
50 gr smjör
1 1/2 dl mjólk

**Fylling**
500 gr nautahakk
1 laukur
2 hvítlauksrif
3 msk. tómatpuré
2 msk. chillisósa
1 msk. sojasósa
2 tsk. chilipipar (krydd)
2 tsk cummin
2 tsk. kóríander (krydd)
2 tsk karrý
1-2 tsk salt
2 dl vatn

**Ofanlag**
3 tómatar
2 dl sýrður rjómi
4 msk. majónes
150 gr rifinn ostur

Hitið ofninn í 180°C. Blandið saman hveiti, lyftidufti og salti í skál. Látið smjörið ná stofuhita, skerið það í bita og blandið því við þurrefnin. Bætið mjólkinni saman við og hrærið öllu saman í deig. Þrýstið deiginu í bökuform eða smelluform. Það þarf ekki að forbaka botninn.

Saxið lauk og steikið aðeins, bætið fínt hökkuðum hvítlauk við. Setjið nautahakkið saman við og steikið þar til nautahakkið er ekki lengur rautt. Bætið tómatpuré, chillisósu og sojasósu á pönnuna ásamt kryddunum og vatni. Látið sjóða við vægan hita þar til vatnið er næstum horfið, ca 10-15 mínútur. Smakkið til og kryddið meira ef þarf. Setjið nautahakkið yfir botninn.

Skerið tómatana í bita og dreifið yfir nautahakkið.

Hrærið saman sýrðum rjóma, majónesi og rifnum osti og breiðið yfir tómatana.
Bakið í miðjum ofni í ca 15 mínútur eða þar til osturinn er bráðinn og hefur fengið fallegan lit.

**Heimagert Guacamole**
2 avakado stöppuð með gaffli
2 hvítlauskrif pressuð
Dass af guacamole mix
Öllu hrært saman.
Berið fram með góðu salati, nachos, sýrðum rjóma, salsa og guacamole.

**Grískjógúrtterta með kirsuberjasósu**
1 pakki Lu kanilkex
50 gr. smjör
1 peli af rjóma
500 gr Biobú grískjógúrt með vanillu
2 msk. flórsykur
1 tsk. vanilludropar
Kirsuberjasósa

Myljið LU-kexið í matvinnsluvél og hellið því í kringlótt form.
Bræðið smjörið og hellið yfir kexið. Þeytið rjómann og hrærið skyrinu vel saman við ásamt flórsykri og vanilludropum.

Smyrjið því svo jafnt yfir kexblönduna. Í lokinn er kirsuberjasósunni hellt yfir allt.

Kælið tertuna inni í ísskáp þar til hún er borin fram.

Ég skora á Elínu Karol vinkonu mína og samstarfskonu að koma með næstu uppskrift. Við höfum bara fengið góðan mat þegar við förum í mat til hennar og Andys.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

# Söguslóðir Suðurlands hljóta 6,5 milljóna króna styrk

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hefur úthlutað 170 milljónum króna í styrki til fjórtán fjölbreyttra verkefna sem miða að því að efla viðkvæmar byggðir landsins. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hlutu 6,5 milljóna króna styrk fyrir verkefnið „Söguslóðir Suðurlands“, sem hefur það að markmiði að þróa heildstæða sögutengda ferðaleið um landshlutann.

Úthlutunin er hluti af byggðaáætlun (aðgerð C.1 – Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða). Markmiðið er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun og efla atvinnusköpun, nýsköpun og varanleg áhrif í byggðarlögum um allt land.

## Verðmætasköpun og lengri dvöl gesta

Verkefnið Söguslóðir Suðurlands snýst um að kortleggja og tengja saman sögustaði og menningarminjar á Suðurlandi í eina heildstæða ferðaleið. Með þessu á að lengja dvalartíma ferðamanna, draga úr dagsferðum og stuðla að því að stærri hluti teknanna verði eftir í heimabyggð.

SASS og Markaðsstofa Suðurlands leiða verkefnið ásamt byggðaþróunarfulltrúum á svæðinu og verður lögð áhersla á samstarf og samráð við íbúa, sveitarfélög, fyrirtæki og landeigendur sögustaða.

## Stafræn miðlun og menningararfur

Hluti af verkefninu felst í því að setja ferðaleiðina fram á aðgengilegan hátt á vef og stafrænum kortum. Þar munu birtast valdir sögustaðir ásamt mögulegum undirleiðum sem tengjast til að mynda Njáluslóðum, klaustursögu, bókmenntum, sjóminjum og þjóðsögum.

Einnig verður útbúin rafræn handbók og efnisbanki fyrir ferðaþjónustufyrirtæki, söfn og sýningar. Þetta mun gera samstarfsaðilum kleift að nýta sér efnið, pakka því inn í sínar vörur og bjóða upp á sögutengdar upplifanir allt árið um kring. Með þessu er stefnt að því að minnka árstíðasveiflur í ferðaþjónustu á Suðurlandi.

## Samráð við heimafólk og stofnanir

Til að tryggja að verkefnið endurspegli sögu og staðaranda Suðurlands verða haldnar opnar vinnustofur vorið 2026. Þar gefst íbúum og hagaðilum tækifæri til að velja sögustaði, móta þemu og leggja línur fyrir framsetningu ferðaleiðarinnar.

Víðtækt samráð verður haft við stofnanir á borð við Þjóðminjasafnið, Minjastofnun, Náttúruverndarstofnun og Þingvallaþjóðgarð. Stefnt er að því að verkefnið nái yfir eitt og hálft ár, með formlegri opnun Söguslóða Suðurlands vorið 2027.

*SASS*





## AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL
**Flóahreppur**

*Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:*

1. **Ölvisholt 4A L229601; Textabreyting vegna breyttrar notkunar brugghúss; Aðalskipulagsbreyting - 2510038**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum dags. 16. desember 2025, að kynna niðurstöðu sveitarstjórnar á óverulegri breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem tekur til skika Ölvisholt 4A L229601. Byggir samþykkt sveitarstjórnar á uppfærðri tillögu þar sem bílastæði hafa verið færð norður fyrir húsið og gerður göngustígur að innkomu inn í turnana. Landeigandi skal setja upp girðingu meðfram vegi á milli húsanna og vegur niður að frístundasvæði skal hugsaður sem þjónustuvegur og göngustígur. Breytingin felur í sér breytingu á greinargerð en þar stendur að á staðnum er rekið brugghús og fyrirhugað er að hefja veitingarekstur. Eftir breytingu stendur að fyrrverandi brugghúsi verður breytt fyrir veitingasölu og gistirými.

Mál 1 er mál er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.
Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.
Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is



STARF

# Viltu kokka eitthvað gott með okkur?

Við hjá Landsvirkjun leitum að liðsfélaga í frábæra mötuneytið okkar á Þjórsársvæði. Í starfinu felst undirbúningur og framreiðsla fjölbreyttra máltíða, innkaup og móttaka matvæla auk þess að tryggja að allt gangi vel fyrir sig í daglegum rekstri mötuneytisins. Einnig felst í starfinu flokkun og skráning úrgangs frá mötuneyti ásamt því að halda eldhúsi, kælum og matvælageymslum snyrtilegum og vel skipulögðum.

**Hæfni:**
– Menntun á sviði matreiðslu
– Þekking á næringarfræði og áhugi á heilsusamlegri matargerð
– Þekking á innra eftirliti með hliðsjón af GÁMES
– Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæðni og góð þjónustulund
– Sveigjanleiki og vinnugleði
– Stundvísi, snyrtimennska og reglusemi

**Umsóknarfrestur er til og með 5. mars**

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf

Landsvirkjun




Aðalfundur 2026

FÉLAG STJÓRNENDA

**Kæri félagi.**

Aðalfundur Félags stjórnenda verður haldinn
fimmtudaginn 19. mars 2026 kl. 19:00 í sal
Læknafélags Íslands, 4. hæð, Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Boðið verður upp á veitingar við upphaf fundar og hefur
skráningarform á fundinn verið sent til félagsfólks í tölvupósti.
Einnig má horfa á fundinn í streymi og upplýsingar um það
má einnig finna í tölvupósti.
Athugið að ekki er hægt að kjósa á fjarfundi.

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Framboð til stjórnar skal berast skriflega á stjornandi@stjornandi.is fyrir 4.mars

Allt sitjandi stjórnarfólk sækist eftir endurkjöri.

Félag stjórnenda

**Sveitarfélagið Árborg**

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í framkvæmdaverkið:
„Seljavegur - Tunguvegur“.

Verkið felur í sér endurgerð á götunum Seljavegi og Tunguvegi á Selfossi. Endurnýja skal fráveitu-, vatnsveitu-, hitaveitu-, ídráttarör, ljósastaurarlagnir og ljósastaura. Verktaki skal einnig malbika götu, steypa kantsteina og malbika gangstéttar. Einnig skal helluleggja hraðahindranir, gera niðurtektir með doppuhellum og leiðarlínuhellum fyrir gangandi umferð.
Að lokum skal setja upp umferðamerki og massa umferðamerkingar. Einnig munu HS-Veitur leggja nýjar raflagnir í götuna.

**Helstu áætlaðar magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 5700 $m^3$ |
| Fylling | 5200 $m^3$ |
| Malbik | 3470 $m^2$ |
| Fráveita | 945 m |
| Vatnsveita | 420 m |
| Hitaveitulögn | 476 m |

Verkinu skal að fullu lokið 15. nóvember 2026.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér:
https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/dbfce259-b04a-45c0-a0d2-23d04395a13b

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.
Skilafrestur tilboðs er til **kl. 11:00 miðvikudaginn 18. mars 2026.**

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

# Skipulagsklúðrið í Hveragerði

Komið er að lokastigi á aðalskipulagstillögu bæjarstjórnar Hveragerðis. Ráðandi meirihluti í bæjarstjórn, Okkar Hveragerði (O) og Framsókn (B) bera ábyrgð á skipulaginu, sem er mjög óhagstætt fyrir byggðarþróun Hveragerðis. Undirritaður hefur með fjölda ábendinga, munnlega og skriflega, og síðar með greinum í Dagskránni, lýst helstu göllum, en líka lausnum, á aðalskipulagstillögu bæjarfélagsins, en greinilega án árangurs. Tillaga bæjarstjórnar er beinlínis í mótsögn við eigin framlögð skipulagsmarkmið í „skipulags- og matslýsingu” sinni um samfellda byggð (sjá gr. 1.1 bls. 4), og enn aftur í auglýsingu Hveragerðisbæjar um heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Þar má sjá ítrekuð markmið endurskoðunarinnar, sem eru „að tryggja sem besta samfellu í þróun svæða innan bæjarmarka, svo að nýting og uppbygging innviða geti átt sér stað í takt við fjölgun íbúa.”

Að halda því fram að bæjarstjórn hafi haft þessi markmið að leiðarljósi eru vísvitandi öfugmæli og standast ekki skoðun. Öfugt við fullyrðingar bæjarstjórnar verður byggðin alls ekki samfelld, og nýting og uppbygging innviða fjarri því að vera best, heldur verst. Byggðin verður klofin af stöðluðum 2+2 þjóðvegi, háspennulögnum, helgunarsvæðum og hljóðmönum á báðar hendur (þjóðvegur nr. 1), stóru hringtorgi, mislægum gatnamótum, háspennulínum, helgunarsvæðum og hljóðmönum. Fullyrðingar bæjarstjórnar eru því ekki réttar. Bæjarstjórnin hlýtur að gera sér grein fyrir þessum öfugmælum, en trúir því að hinn almenni íbúi Hveragerðis taki ekki eftir þessum göllum á aðalskipulagstillögu bæjarstjórnar.

Í fyrri grein undirritaðs í Dagskránni, 31. júlí (dfs.is) um aðalskipulagstillöguna, var sýnt fram á nauðsyn þess að flytja þjóðveginn og háspennulínurnar að bæjarmörkum til vesturs og suðurs, einmitt til þess eins að fá eðlilega og samfellda byggðarþróun og góða landnýtingu, sem eru algjör grundvallaratriði í skipulagi þéttbýliskjarna. Tillaga bæjarstjórnar gerir það alls ekki, heldur þvert á móti. Í sömu grein er bent á 5 stóra galla í tillögu bæjarstjórnar, sem allir hyrfu ef þjóðvegur og háspennulínur yrðu færðar. Bæjarstjórn gerði mistök þegar hún samdi við Vegagerðina og Landsnet á sínum tíma um flutning og niðurgröft. Grein undirritaðs var skrifuð og birt til þess að vara bæjarbúa Hveragerðis við afleiðingum hinna augljósu skipulagsgalla í tillögu bæjarstjórnar. Greinin vakti að sjálfsögðu athygli Hvergerðinga og bæjarbúar óskuðu eftir frekari útskýringum og skipulagssýn til samanburðar við skipulagshugmyndir bæjarstjórnar.

Í seinni greininni í Dagskránni, 4. sept. (dfs.is), fylgdu uppdrættir með hugmynd um hugsanlega byggðaþróun Hveragerðis, og myndrænn samanburður við tillögu bæjarstjórnar. Samanburðurinn er sláandi og sýnir augljóslega að bæjarstjórnin er á villigötum með skipulagstillögu sína. Greinin vakti enn meiri athygli bæjarbúa og var mjög mikið flett upp á greinarnar báðar á netinu. Í tillögu undirritaðs verður byggðin samfelld, ekki tvískipt, besta landið endurheimtist. Þjónusta og innviðir verða mun betri og miðbæjarsvæðið rýmra fyrir tvöföldun byggðar og umferð á næstu 25-30 árum. Með færslu hringtorgsins sunnar og lengra frá miðbænum væri kannske ekki þörf á mislægum gatnamótum, en það bíður síns tíma.

Skipulagstillaga bæjarstjórnar getur skapað umferðarvanda vegna þrengsla við mót miðbæjar, mislægu gatnamótanna og hringtorgsins. Það ber keim af vandamálunum á Selfossi í dag. Við brúarsporðinn og hringtorgið þar myndast kílómetra langar bílabiðraðir á annatímum, oft á dag. Til að leysa umferðarvandann á Selfossi er verið að leggja nýjan þjóðveg framhjá bænum. Ekki svo í Hveragerði, þvert á móti. Þjóðveginum er ætlað að fara í gegnum miðjan bæ.

Tillögu bæjarstjórnar fylgir óafturkræfur skaði fyrir Hveragerði og kostnaður sem aldrei verður unnt að bæta. Kostnað við uppbyggingu innviða, með tvískiptingu byggðarinnar í norður og suður Hveragerði. Sá aukakostnaður hverfur heldur aldrei. Bæjarstjórnin viðurkennir gallana en ber fyrir sig að það sé „of seint“ að breyta legu þjóðvegar og háspennulína. Sú fullyrðing er fjarri sanni og stenst ekki.

Aðalskipulagið er einmitt hinn lagalegi vettvangur fyrir bæjarstjórn til breytinga. Þar eiga hagsmunir íbúa og bæjarfélagsins að ráða. Flestir íbúar skilja ekki að fullu hvað sé í húfi en bæjarstjórnin skilur það, og viðurkennir mistökin, en leysir samt ekki vandann. Skipulagsráðgjafarnir eru óbeint tengdir klúðrinu og hefðu átt að hafa áhrif til hins betra, því það er þeirra hlutverk. Undirritaður fullyrðir að aðalskipulagstillaga bæjarfélagsins er ekki aðeins vond fyrir Hveragerði, hún er mjög slæm, og gæti varla verið verri! Undirritaður lagði skriflega til við bæjarstjórn, að hún fengi viðurkenndan, óháðan, skipulagsfræðing til að meta, og bera saman, báðar aðalskipulagstillögurnar. Bæjarstjórn hafði ekki áhuga á því, enda mjög sterkar líkur á því að tillaga bæjarstjórnar fengi falleinkunn. Það vekur t.d. athygli að í afrekaskrá Okkar Hveragerðis (O), sem birt var fyrir skömmu í Dagskránni, var ekki orð um væntanlegt aðalskipulag, enda ekki á nokkurn hátt unnt að kalla skipulagið afrek, frekar meðvituð mistök sem koma niður á bæjarfélaginu. Hin almenna venja er sú, að bæjarstjórnir nýta sér uppfærslu aðalskipulaga sér til framdráttar, rétt fyrir kosningar. Þá skal sýna kjósendum hvað bæjarfulltrúar þeirra hafi verið duglegir og skynsamir, jafnvel allt að því snillingar. Ekki er því að dreifa að þessu sinni í Hveragerði, fjarri því. Okkar Hveragerði (O) vekur ekki athygli á „afrekum“ sínum við gerð aðalskipulagsins. Ekki hefur undirritaður enn séð afrekaskrá Framsóknarflokksins (B), samstarfsflokks í meirihluta bæjarstjórnar.

Sem væntanlegur kjósandi til sveitarstjórnar spyr undirritaður hvers vegna bæjarstjórn leggur fram svona slæmt aðalskipulag þegar mun betri lausn er til staðar? Um það getur aðeins bæjarstjórnin svarað. Spyrja má líka hvort Vegagerðin sjálf myndi vilja breyta legu sinni ef sá hluti þjóðvegar sem fer í gegnum bæinn yrði skilgreindur sem innanbæjarþjóðvegur, svipaður og Austurvegur á Selfossi, án helgunarsvæða og hljóðmana? Væri þá ekki betra fyrir Vegagerðina og Landsnet að flytja starfsemi sína lengra vestur og suður og leyfa byggðinni að þróast eðlilega og samfellt?

Þjóðvegurinn í Hveragerði er hannaður sérstaklega inni í miðjum bæ í aðalskipulagstillögunni og ber handbragð Vegagerðarinnar. Hann er þar til trafala fyrir eðlilega þróun Hveragerðis. Bæjarstjórn hefði átt að semja við Vegagerðina og Landsnet um flutninginn, því það var ekki „of seint“ að breyta aðalskipulaginu. Framkvæmdir Vegagerðarinnar og Landnets hafa ekki hafist, og ekki er búið að gefa þeim framkvæmdaleyfi, svo það er „enn tími“. Bæði Vegagerðin og Landsnet myndu hagnast á því að færast. Hveragerðisbær þó langmest, þótt bærinn þyrfti að kaupa landsvæði sem Vegagerðin og Landsnet væru búin að fjárfesta í. Hefur það verið reynt? Eftirfarandi gætu svarað því sem höfundar aðalskipulagsins og ábyrgðaraðilar:
Sandra Sigurðardóttir,
formaður bæjarráðs og oddviti (O),
Arnar Ingi Ingólfsson,
formaður skipulags- og
umhverfisnefndar (B),
Eyþór H. Ólafsson, bæjarfulltrúi (S).
Hildur Gunnarsdóttir,
skipulagsfulltrúi Hveragerðis
og verkefnastjóri.
Skipulagsráðgjafarnir 6, og bæjarstjóri.

Höfuðábyrgðin á aðalskipulaginu er samt ávallt á hendi bæjarstjórnarinnar. Henni er falið skipulagsvaldið. Þetta skipulagsslys hlýtur að hafa afleiðingar í för með sér, sumar jafnvel pólitískar. Í sveitarstjórnarkosningum framundan þarf Hveragerði að fá bæjarfulltrúa sem starfa með hagsmuni Hveragerðis í huga. Hinir nýju bæjarfulltrúar þurfa að bjarga framtíðaruppbyggingu Hveragerðis áður en það verður of seint.

Greinarnar tvær í Dagskránni, ásamt meðfylgjandi uppdráttum á netinu (dfs.is), gefa mjög gott yfirlit um hvað málið snýst. Þær sýna best hvílíkt óefni aðalskipulagið er komið í og þann óbætanlega skaða sem núverandi bæjarstjórn er að bjóða bæjarbúum. Ekki er öll nótt samt úti enn – veik von. Skipulagsstjórn gæti gert athugasemdir við aðalskipulagið eða framkvæmd þess, og/eða Félagsmálaráðherra frestað staðfestingu þess fram yfir kosningar. Ný bæjarstjórn gæti þá flutt þjóðveg og háspennulínur að vestur og suðurmörkum bæjarlandsins með nýju aðalskipulagi og samningum við Vegagerðina og Landsnet. En það þarf að hafa hraðar hendur eftir kosningar. Framkvæmdir Vegagerðinnar og Landsnets mega ekki tefjast. Aðalatriðið er að fá nýtt og betra aðalskipulag fyrir Hveragerði, þar sem allir gallar í tillögu núverandi bæjarstjórnar væru lagfærðir – þurrkaðir út. Hagsmunum Hveragerðis væri þá loks borgið.

Róbert *Pétursson,*
*Álfahvammi, Hve*ragerði.


KJÖRBÚÐIN
VERSLUN Í HEIMABYGGÐ
44%
Lúxus grísakótelettur
í hvítlaukspipar marineringu
3599 kr. kg.
1.999 kr/kg
54%
Änglamark skvísur
5 tegundir, 90g
219 kr. stk.
99 kr/stk
48%
Bláber
Driscoll's, 125g
579 kr. pk.
299 kr/pk
44%
Indi Grand sósur
4 tegundir, 360g
669 kr. stk.
370 kr/stk
Kíktu í Kjörbúðina þína á Hellu og nældu þér í fleiri frábær tilboð dagana 26. febrúar - 8. mars


VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN
TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM*
26. FEBRÚAR - 9.MARS
*Gildir ekki af sérpöntunum né af vörum á föstu lágu verði
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA
ILVA Garðabæ - ILVA Akureyri - ILVA Selfoss
S: 522 4500. Sjá opnunartíma á www.ILVA.is
ILVA




# Bragi Bjarnason mun áfram leiða lista Sjálfstæðisflokksins í Árborg

Bragi Bjarnason bæjarstjóri leiðir áfram lista Sjálfstæðismanna í Árborg í sveitarstjórnarkosningunum 16. maí nk. en nöfn sex efstu á listanum hafa nú verið birt.

Ákveðið var á fjölmennum fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Árborg að falla frá fyrirhuguðu prófkjöri og viðhafa uppstillingu. Á fundinum var einnig samþykkt einróma röðun efstu sex sætanna á listanum.

**Nöfn sex efstu eru eftirfarandi:**

1. Bragi Bjarnason, bæjarstjóri.
2. Sveinn Ægir Birgisson, formaður bæjarráðs.
3. Linda Björk Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri.
4. Brynhildur Jónsdóttir forstöðuþroskaþjálfi og bæjarfulltrúi.
5. Þórhildur Ingvadóttir, móttökuritari.
6. Kjartan Björnsson rakari og forseti bæjarstjórnar Árborgar.



„Það er ánægjulegt með hvernig til tókst við uppstillinguna þar sem eru í bland núverandi sveitarstjórnarmenn og nýliðar," sagði Guðmundur Ármann Pétursson, formaður fulltrúaráðs, um málið.

Framundan er röðun sæta á listann til fulls og er búist við því að því verði lokið í næstu viku, en alls eru 22 fulltrúar sem sitja á framboðslistum í Sveitarfélaginu í Árborg.

„Þetta er ákaflega samstíga og öflugur hópur sem samanstendur af bæði reyndu fólki og nýju sem er reiðubúið til að halda áfram því góða starfi sem við í D-listanum höfum unnið hér á líðandi kjörtímabili," segir Bragi Bjarnason, oddviti listans.


## Staða skólastjóra við Bláskógaskóla Laugarvatni

Bláskógabyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Bláskógaskóla. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur reynslu og þekkingu af skólastarfi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á skólastarfi, skólaþróun, stjórnun og forystu og geta leitt framþróun í samræmi við stefnumótun sveitarfélagsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunn- og leikskóla.
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í sveitarfélaginu.
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og þjónustu skólans.
- Ábyrgð á mannauðsmálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög.
- Samstarf við skólanefnd, sveitarstjóra og sveitarstjórn og aðra aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla er skilyrði.
- Framhaldsmenntun á sviði kennslufræða, uppeldisfræða eða stjórnunar er kostur.
- Færni til faglegrar forystu og til að leiða framsækna skólaþróun.
- Framúrskarandi hæfni, lipurð og virðing í samskiptum, ásamt góðu orðspori.
- Sjálfstæði í störfum, ríkt frumkvæði, jákvæðni og vilji til þátttöku í samstarfi.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er kostur, ásamt færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum er kostur.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Við Bláskógaskóla stunda að jafnaði 50-60 grunnskólanemendur nám, auk þess sem þar er rekin frístund fyrir nemendur í 1. til 4. bekk. Leikskóladeild er rekin í sama húsnæði og er mikið samstarf á milli leik- og grunnskóla, auk þess sem samstarf er við Reykholtsskóla. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Skólinn stendur í fögru og fjölbreyttu umhverfi Laugarvatns og er útinám stór þáttur í stefnu skólans. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og gleði.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna SÍ. Starfshlutfall er 100%. Umsókn fylgi kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun skólastarfs. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

**Umsóknarfrestur er til 11. mars 2026.**

**Nánari upplýsingar** veitir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, í síma 480 1900. Umsókn ásamt fylgigögnum skal send á netfangið asta@blaskogabyggd.is.


# Fjölmennt á opnun listasýninga

Opnaðar voru 5 einkasýningar og tvær minni sýningar í vídeóhorni og fræðslurými hjá Listasafni Árnesinga í Hveragerði og var mikil stemning hjá listafólkinu og gestum safnsins.

Pétur Markan bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, opnaði sýningarnar formlega og standa þær yfir þangað til í lok sumars.

Listasafn Árnesinga er í eigu allra sveitarfélaga í Árnessýslu og er opið alla daga nema mánudaga og ókeypis aðgangur.

*Myndir: Listasafn Árnessinga*
















# Gjaldfrjálst í leikskóla frá og með næstu mánaðamótum

Bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti á fundi sínum fimmtudaginn 19. febrúar að gera leikskóla sveitarfélagsins gjaldfrjálsa frá og með næstu mánaðamótum.

Með ákvörðuninni verður öllum börnum boðin allt að 36 klukkustunda leikskóladvöl á viku án gjaldtöku, óháð tekjum foreldra. Byggir ákvörðunin á sterkri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og hagstæðri rekstrarþróun undanfarinna ára.

Samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir 1.346 milljóna króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Íbúar sveitarfélagsins eru nú rúmlega 3.000 og hefur íbúafjölgun numið 4% til 6,5% á ári undanfarin ár.

Markmiðið með breytingunni er að styðja við barnafjölskyldur og tryggja að góður rekstrarárangur skili sér beint til íbúa í formi bættrar þjónustu.

„Sveitarfélagið Ölfus ætlar að vera í fararbroddi í þjónustu við ungt fólk og börn þeirra. Þessi kynslóð stendur í dag frammi fyrir áður óþekktum aðgangshindrunum á húsnæðismarkaði, meiri skuldsetningu og þyngri greiðslubyrði. Verðbólga og vextir eru að hækka sem þyngir stöðu þeirra enn frekar í samanburði við þá sem eru eldri. Þau eru oftar í leiguhúsnæði og með hærri lán miðað við tekjur. Sveitarfélagið Ölfus er vel rekið og hefur burði til að þess að styðja við bakið á þeim. Við höfum unnið einbeitt að því að draga úr lóðakostnaði, bjóða upp á heimagreiðslur, bæta íþróttaaðstöðu, fjölga leikskólum, hækka tómstundastyrki og fleira. Nú tökum við næsta skref og bjóðum upp á gjaldfrjálsan leikskóla. Hér er velferðin sótt á grundvelli verðmætasköpunar og góður rekstrarárangur á að skila sér beint til íbúa í formi lægri gjalda, aukinnar þjónustu og bættra lífsgæða,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfusar.






Selfosskirkja 70 ára Kirkjukórinn 80 ára

## Afmælisdagskrá hátíðarhalda í Selfosskirkju í mars 2026

**1. mars, æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar**
**Æskulýðsmessa kl. 11:00**
Unglingakórinn syngur

**8. mars**
**80 ára afmælismessa Kirkjukórsins kl. 11:00.**
Kirkjukór og fyrrverandi kirkjukórsfélagar syngja.

**10. mars, þriðjudagur**
**Á sagnaslóð kl. 19:30**
Guðmundur Brynjólfsson fer yfir sögu Selfosskirkju og Lýður Pálsson fer yfir sögu Kirkjukórs Selfosskirkju. Tónlistaratriði á milli erinda.

**15. mars**
**Líf og ljós - fjölskyldumessa kl. 11:00**
Barna- og Unglingakórinn syngja ásamt hljóðfæraleikurum Tónlistarskóla Árnesinga.

**22. mars**
**Færðu mér ljósið langt og mjótt - kvöldmessa kl. 20:00**
Kirkjukórinn og fyrrum félagar Unglingakórsins syngja ásamt hljómsveit Kirkjukórsins.

**26. mars, fimmtudagur**
**Söngstund með Magneu Gunnardóttur kl. 19:30**
Magnea Gunnarsdóttir stýrir söngstund og segir sína sögu af tónlistarstarfi í Selfosskirkju, Kirkjukórinn og Unglingakórinn leiða sönginn.

**29. mars, pálmasunnudagur**
**Hátíðarmessa kl. 14:00**
Biskups Íslands Guðrún Karls Helgudóttir prédikar og prestar kirkjunnar þjóna fyrir altari ásamt prófasti og vígslubiskupi. Kirkjukórinn syngur, Jóhann I. Stefánsson spilar á trompet, organisti Edit A. Molnár.
Kirkjukaffi eftir messuna.





# AUGLÝSING

**um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu**

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir eftir aðilum til að nýta lóðir innan Biskupstungnaafréttar. Lóðirnar sem um ræðir eru annars vegar við Geldingafell og ber sú lóð heitið Geldingafell 1 og hinsvegar er um að ræða lóð á Suðurjökli Langjökuls sem ætluð er fyrir íshelli. Á lóðinni Geldingafelli 1 eru vélageymsla og aðstöðuhús fyrir ferðamenn og starfsmenn í einkaeigu. Á lóðinni Suðurjökull íshellir 2 eru engin mannvirki. Aðrir umsækjendur en núverandi eigendur verða að gera ráð fyrir að þurfa að leysa til sín mannvirkin ef af úthlutun lóðar verður. Umrætt svæði er á þjóðlendu (Biskupstungnaafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 4/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.
Bláskógabyggð hefur samþykkt deiliskipulag fyrir umrædd svæði.
Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddum svæðum eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins vegna lóðanna.

- þekking viðkomandi aðila á þessu svæði,
- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðirnar í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa, fjallaskála eða annarrar þjónustu við ferðamenn á miðhálendinu,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja,
- upplýsingar um gæða- og öryggiskerfi viðkomandi aðila, þar á meðal upplýsingar um öryggisáætlun eða drög að slíkri áætlun. Í slíkri áætlun skulu m.a. vera eftir því sem við á, viðbragðsáætlanir vegna jöklaferða og ferða í íshella, sem taka m.a. til slysa á fólki, falls í jökulsprungu, atviks ef farþegi verður viðskila við hóp, hruns í íshelli, súrefnisþurrðar í íshelli og $CO_2$/CO eitrunar í íshelli,
- hvernig viðkomandi aðili hyggst lágmarka álag á umhverfið, þar á meðal upplýsingar um umhverfismarkmið, skipulag orku- og efnanotkunar, viðbrögð við mengunaróhöppum og um meðferð og geymslu á eldsneyti, olíu og olíuúrgangi,
- hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára. Lágmarksleiga er kr. 4.500.000 á ári og verður leiguverð bundið vísitölu neysluverðs.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðanna má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., Hverabraut 6, Laugarvatni, og á eftirfarandi vefslóðum:
Deiliskipulag íshellis í Suðurjökli á Langjökli:
https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=20365
Deiliskipulag skálasvæðis við Geldingafell:
https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=16870

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu á umræddu svæði þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig umsækjandi uppfyllir framangreinda skilmála og hugmyndir umsækjanda um leiguverð. Umsókn skal senda til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, eigi síðar en 13. mars nk. á netfangið asta@blaskogabyggd.is. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Bláskógabyggðar í síma 480-3000. Netfang sveitarstjóra er asta@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð
Aratungu, Reykholti
806 Selfoss

## FUNDIR

Krabbameinsfélagið

**OPNUNARTÍMAR**

**Mánudaga kl. 11-14**
*Opið hús*

**Þriðjudagar kl. 11-13**
*Upprekjur*

**Þriðjudagar kl. 14:-16**
*Unga fólkið*

**Miðvikudagar kl. 11-14**
*Opið hús*

**Fimmtudagar lokað**
*Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brossíðunni*

**Föstudagar kl. 11-13**
*Opið hús*

**Fyrsta þriðjudag** í mánuði Karlahópurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facbook: Krabbameinsfélag Árnessýslu/Brosið/Smáranir

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

**AA**
Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

**AA fundir í Hveragerði í húsi Rauða krossins. Mánamörk 1**
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122

**Daglegar ferðir**
**SELFOSS - REYKJAVÍK SUÐURLAND**

**Fjárheimar ehf.**
Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf skattskil**

**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**

**Persónuleg þjónusta**

## KIRKJUR

**Selfosssksirkja:**
Æskulýðsmessa í Selfosskirkju sunnudaginn 1.mars kl. 11:00. Prestur Anna Eiríksdóttir - æskulýðsfulltrúi Sjöfn Þórarinsdóttr. Unglingakórinn syngur. Organisti: Edit A Molnár.

**Selfosskirkja**
Foreldrdasamvera miðvikudag kl. 11-12

Morgunbænir miðvikudaga kl. 10:00.

**Guðsþjónusta**
Laugardaginn 28. febrúar klukkan 11:00
Jón Hjörleifur leiðir biblíu rannsókn og Birgir Óskarsson predikar.
Barna og unglingastarf á sama tíma
Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi
Allir hjartanlega velkomnir

## FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

**SKRIFSTOFA FEBSEL**
Opin fimmtudaginn
19. febrúar kl. 13:00-14:30

**OPIÐ HÚS**
Fim. 19. febrúar kl. 14:45

***GERFIGREIND Á MANNAMÁLI***
*ÍSLEIFUR ÁRNI JAKOBSS.*

*Kaffihlaðborð kvennfélagsins verð 1.500 kr.*

## KIRKJUR

**Skálholtsdómkirkja**
Messa kl. 11 á öðrum sunnudegi í föstu. Við íhugum hvernig trúin getur bjargað okkur, eins og hún bjargaði Bartímeusi sem hafði verið blindur áður en hann hitti Jesú. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og prédikar. Gróa Hreinsdóttir leikur á orgel og flygilinn góða. Lucy og Meguru eru meðhjálparar og barnaborðið er ævinlega til staðar. Innilega velkomin.

**Miðdalssókn – Eyvindartunga**
Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar er haldinn hátíðlegur í Eyvindartungu við Laugarvatn, sunnudaginn 1. mars kl. 14. Fermingarbörn Skálholtsprestakalls hafa veg og vanda af allri dagskrá, undir stjórn sr. Kristínar Þórunnar Tómasdóttur og Guðmundar Brynjólfssyni djákna. Gróa Hreinsdóttir verður okkar undirleikari og söngdíva. Sóknarnefndin góða leggur til sérlega gott kirkjukaffi og tekið verður á móti frjálsum framlögum til þess málefnis sem fermingarbörnin velja. Innilega velkomin!

**Mosfellskirkja**
Föstuíhuganir í Litlu svörtu kirkjunni halda áfram. Miðvikudaginn 4. mars, kl. 19.30, verður með okkur Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður með meiru. Magnús Hlynur er landsmönnum öllum og sérstaklega Sunnlendingum, þekktur fyrir jákvæðar, manneskjulegar og hlýjar fréttir, hvar sem hann miðlar sínu efni. Hann ræðir við okkur um hvernig hægt er að taka eftir og sjá hið góða í samfélaginu, innan um allt það sem dregur niður og veldur angist. Kirkjukaffi á prestsetrinu. Innilega velkomin.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
Austurvegi 40b Samkoma á sunnudögum kl.11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

**Oddakirkja**
Guðsþjónusta verður í Oddakirkju næsta sunnudag 1. mars, kl. 11.oo. Kórinn leiðir söng við undirleik Halldórs Óskarssonar organista. Prestur er sr. Halldóra Þorvarðardóttir. Verið öll velkomin.

**Hveragerðiskirkja**
Sunnudaginn 1. mars kl. 20. Kvöldguðsþjónusta í Hveragerðiskirkju.
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng undir stjórn Miklós Dalmay.
Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

**Hrepphólakirkja**
Messa unga fólksins sunnudaginn 1. mars kl. 13. Nemendur úr 10. bekk Flúðaskóla annast messuna frá upphafi til enda. Verið öll hjartanlega velkomin!

**Stóra-Núpskirkja**
Guðsþjónusta sunnudaginn 1. mars kl. 11. Félagar úr kirkjukórnum syngja við undirleik Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Verið öll hjartanlega velkomin!

# Magnús Hlynur í Mosfellskirkju

Það er löng og gróin hefð fyrir miðvikudagsmessum í litlu svörtu kirkjunni að Mosfelli á föstutímanum. Í ár er engin undantekning á því og á þessari föstu er alla miðvikudaga kl. 19.30 boðið upp á messu með sérstöku íhugunarefni og endað með kirkjukaffi og samtali á prestsetrinu.

Miðvikudaginn 4. mars, kl. 19.30, verður með okkur Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður með meiru. Magnús Hlynur er landsmönnum öllum og sérstaklega Sunnlendingum þekktur, fyrir jákvæðar, manneskjulegar og hlýjar fréttir, hvar sem hann miðlar sínu efni. Hann ræðir við okkur um hvernig hægt er að taka eftir og sjá hið góða í samfélaginu, innan um allt það sem dregur niður og veldur angist. Kirkjukaffi á prestsetrinu. Innilega velkomin.



## FUNDIR

**Einhverfukaffi**

verður haldið þann 25. febrúar 2026 í Sunnlenska Bókakaffinu kl. 16:30 til 18:00.

Allir einhverfir og aðstandendur velkomnir.

BÁRAN STÉTTARFÉLAG

## Úthlutun orlofshúsa Bárunnar, stéttarfélags fyrir sumarið 2026

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins ítil leigu.

**Eftirfarandi eignir eru í boði fyrir sumarið 2026:**
- **Þórisstaðir 1 og 2** í Grímsnesi.
- **Þverlág 2** á Flúðum.
- **Grýluhraun 9** í Grímsnesi.
- **Arnarborg 16** í Stykkishólmi (skiptibústaður).
- **Einarsstaðir 31** á Fljótsdalshéraði (skiptibústaður).
- **Ásatún 12** á Akureyri (íbúð).

**Umsóknarferli og mikilvægar dagsetningar**
- **Umsóknarfrestur:** Opið er fyrir umsóknir frá **25. febrúar kl. 10:00** til **11. mars kl. 10:00.**
- **Hvar er sótt um?** Sótt er um á Félagsvef Bárunnar. Hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, Selfossi.
- **Úthlutun:** Niðurstöður munu liggja fyrir þann 13. mars kl. 11:30. Öllum umsóknum verður svarað.
- **Greiðslufrestur:** Ljúka þarf greiðslu fyrir 19. mars kl. 12:00 á miðnætti.

**Leigutímabil og reglur**
Allir virkir félagsmenn geta sótt um og er það eingöngu punktastaða umsækjenda sem ræður niðurstöðu úthlutunar.

- **Flest hús:** Leiga er frá fimmtudegi til fimmtudags á tímabilinu 4. júní til 27. ágúst.
- **Akureyri (Ásatún 12):** Leiga er frá miðvikudegi til miðvikudags á tímabilinu 3. júní til 26. ágúst.
- **Reykjavík:** Íbúðirnar í Sóltúni 28 og Borgartúni 24a verða í sveigjanlegri leigu eins og venjulega og er þeim því ekki úthlutað sérstaklega.

**Báran, stéttarfélag**
Austurvegi 56, 800 Selfoss
sími 480 5000 - baran@baran.is
https://www.baran.is

# Bændur, frumkvöðlar og sveitarstjórar á gervigreindarnámskeiði í Uppsveitunum

Á dögunum stóð Fræðslunet Suðurlands í samstarfi við byggðaþróunarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu fyrir gervigreindarnámskeiði sem haldið var í Reykholti í Bláskógabyggð.

Sverrir Heiðar Davíðsson, einn af stofnendum fyrirtækisins Javelin, sem sérhæfir sig í gervigreindarfræðslu, leiddi námskeiðið með miklum metnaði. Sverrir er með BSc í hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og MSc í gervigreind og gagnavísindum frá Denmark's Technical University (DTU). Hjá Javelin er lögð rík áhersla á að kenna fólki að skilja gervigreindartólin og beita þeim af öryggi. Markmiðið er að veita raunverulega þekkingu sem byggir á fræðilegum grunni og hagnýtri reynslu.

Bændur, sveitarstjórar, ferðaþjónustuaðilar, frumkvöðlar, fjármálastjórar og vélstjórar voru meðal þeirra sem sátu námskeiðið og var almennt mikil ánægja með það.

Það er dýrmætt fyrir landsbyggðina að geta boðið upp á aðgengi að hágæðanámskeiðum sem þessum til að efla staðbundna þekkingu.

„Gervigreindin er nefnilega ekki framtíðin heldur er hún nútíðin og það er mikilvægt að ná að fylgjast með þessari þróun af öryggi og að geta nýtt sér hana til góðs," segir Rakel Theodórsdóttir, byggðaþróunarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu.








## AUGLÝSING

### um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir eftir aðilum til að nýta lóðir innan Biskupstungnaafréttar. Lóðirnar sem um ræðir eru annars vegar við Geldingafell og ber sú lóð heitið Geldingafell 2 og hinsvegar er um að ræða lóð á Suðurjökli Langjökuls sem ætluð er fyrir íshelli. Á lóðinni Geldingafelli 2 eru aðstöðuhús fyrir ferðamenn og aðstöðuhús fyrir starfsmenn í einkaeigu. Á lóðinni Suðurjökull íshellir eru engin mannvirki. Aðrir umsækjendur en núverandi eigendur verða að gera ráð fyrir að þurfa að leysa til sín mannvirkin ef af úthlutun lóðar verður. Umrætt svæði er á þjóðlendu (Biskupstungnaafrétti) skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 4/2000. Í ljósi þess þarf leyfi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar til að nýta land og landsréttindi á svæðinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta. Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting á að vara lengur en til eins árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga.
Bláskógabyggð hefur samþykkt deiliskipulag fyrir umrædd svæði.
Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddum svæðum eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef það metur umsóknir ekki fullnægjandi og uppfylli ekki markmið sveitarfélagsins vegna lóðanna.

- þekking viðkomandi aðila á þessu svæði,
- hvernig viðkomandi hyggst nýta lóðirnar í þeim tilgangi að hafa þar þjónustu fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um svæðið,
- frágangur mannvirkja og annarrar starfsemi. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og stingi ekki í stúf við umhverfið að öðru leyti,
- þekking og reynsla viðkomandi aðila af rekstri gisti- og afþreyingarþjónustu, s.s. gistihúsa, fjallaskála eða annarrar þjónustu við ferðamenn á miðhálendinu,
- reynslu af gerð og viðhaldi göngustíga og annarra ferðaþjónustutengdra mannvirkja.
- upplýsingar um gæða- og öryggiskerfi viðkomandi aðila, þar á meðal upplýsingar um öryggisáætlun eða drög að slíkri áætlun. Í slíkri áætlun skulu m.a. vera eftir því sem við á, viðbragðsáætlanir vegna jöklaferða og ferða í íshella, sem taka m.a. til slysa á fólki, falls í jökulsprungu, atviks ef farþegi verður viðskila við hóp, hruns í íshelli, súrefnisþurrðar í íshelli og $CO_2$/CO eitrunar í íshelli,
- hvernig viðkomandi aðili hyggst lágmarka álag á umhverfið, þar á meðal upplýsingar um umhverfismarkmið, skipulag orku- og efnanotkunar, viðbrögð við mengunaróhöppum og um meðferð og geymslu á eldsneyti, olíu og olíuúrgangi,
- hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á umræddum reit og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnissjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á umræddu svæði og að leigutími sé ekki til lengri tíma en 25 ára. Lágmarksleiga er kr. 4.500.000 á ári og verður leiguverð bundið vísitölu neysluverðs.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðanna má nálgast hjá skipulagsfulltrúa á skrifstofu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., Hverabraut 6, Laugarvatni, og á eftirfarandi vefslóðum:
Deiliskipulag íshellis í Suðurjökli á Langjökli:
https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=17422
Deiliskipulag skálasvæðis við Geldingafell:
https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=16870

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn um nýtingu á umræddu svæði þar sem fram koma upplýsingar um það hvernig umsækjandi uppfyllir framangreinda skilmála og hugmyndir umsækjanda um leiguverð. Umsókn skal senda til sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, eigi síðar en 13. mars nk. á netfangið asta@blaskogabyggd.is. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Bláskógabyggðar í síma 480-3000. Netfang sveitarstjóra er asta@blaskogabyggd.is.

Bláskógabyggð
Aratungu, Reykholti
806 Selfoss

# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

2841 — Fimmtudagur 26. febrúar 2026



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

LAGNALAND
LAGNALAUSNIR
ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR
Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is
LAGNALAND EHF.

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA
LÖGGILTIR HÚSASMÍÐAMEISTARAR
848 0964 GÍSLI
899 0979 ÖRN
GBHUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS
SÍMI: 848-0964

BRAGÐ AF VINÁTTU!
Josera
Fæst hjá BYKO Selfossi

Ökukennsla
Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.
Hafðu samband í 897 4693
Bókaðu á UTIADAKA.IS
„Með þér alla leið"

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir
TRS
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ▪ www.trs.is

TAXI SELFOSSI
SÍMI 482 3800
HJÓLA-STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR
KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM
S: 692-2575
800 SMÍÐI ehf.

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 Skrifstofa
696 2311 Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir
Kristinn 660 1580   Einar 660 1581   lagniroglausnir.is

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS
VIÐ ELSKUM STÍFLUR!
STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHREINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN
ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKKING Á FRÁVEITUMÁLUM
510 1180 - 669 8441

BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS
STOFNAÐ 2024
Nýbyggingar • Viðgerðir
Endurbætur
Áreiðanleg þjónusta með reynslu
Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www.byggingarsudurlands.is

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
YFIR 20 ÁRA REYNSLA
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is